

Alþingi
Erindi nr. P 137/127
komudagur 9.6.2009



FÉLAG UMHVERFISFRÆÐINGA
Á ÍSLANDI

Félag umhverfisfræðinga á Íslandi
Sólvallagötu 74, 101 Reykjavík

Reykjavík 8. júní 2009

Nefndasvið Alþingis
Umhverfisnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Málefni: Umsögn um 3. mál, frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, með síðari breytingum.

Félag umhverfisfræðinga á Íslandi (FUMÍ) hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni, með síðari breytingum.

Í ofangreindu frumvarpi er ætlað að innleiða reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 842/2006, um tilteknar flúoreraðar gróðurhúsalofttegundir þar sem meginmarkmiðið er að takmarka losun þeirra út í andrúmsloftið, þannig að ekki hljóttist af þeim tjón.

Loftslagsbreytingar, sem orsakast m.a. vegna aukinnar losunar gróðurhúsalofttegunda af mannavöldum, eru ein stærsta ógn við lífríki jarðar. Flúoreraðar gróðurhúsalofttegundir hafa háan hlýnunarstuðul sem gera þær að mjög öflugum gróðurhúsalofttegundum. Í frumvarpinu er tekið skýrt fram að hindra beri leka flúoreraðara gróðurhúsalofttegunda frá föstum kælikerfum, loftkælingum, varmadælum og fastra slökkvikerfa og ef upp komi leki þá beri að stöðva hann með öllum þeim tæknilegum ráðstöfunum sem eru mögulegar. FUMÍ fagnar því að ábyrgð rekstraraðila virðist skýr í frumvarpinu, en þeirra er auðvitað að uppfylla ofangreind skilyrði. Auk þess er gerð krafa á aukinni endurnýtingu þessara gasa. Allt ætti þetta að stuðla að minni losun á flúoreruðum gróðurhúsalofttegundum.

Í frumvarpinu er gerð krafa um lágmarksstarfsmenntun þeirra sem vinna með flúoreraðar gróðurhúsalofttegundir og vottun fyrir starfsmenn og rekstrar- og þjónustuaðila sem mega meðhöndla þessar lofttegundir. Í fylgiskjali frá Fjármálaráðuneyti er fjallað ítarlegar um slíka menntun. Aukin starfsmenntun er alltaf af hinu góða og ætti að auka gæði starfseminnar og minni gasleka.

Félag umhverfisfræðinga á Íslandi telur að nauðsynlegt sé að ráðherra setji reglugerð vegna flúoreraðra lofttegunda eins fljótt og auðið er, eins og heimilt er samkvæmt frumvarpinu. FUMÍ telur að með þessu frumvarpi sé verið að veita nauðsynlegt aðhald til þeirra sem starfa með flúoreraðar gróðurhúsalofttegundir og vonast til að innleiðing laganna muni leiða til minni leka þeirra og betri nýtingu. Slíkt er án efa til mikilla bóta og einn liður í að sporna við loftslagsbreytingum af mannavöldum. Félag umhverfisfræðinga á Íslandi styður því þetta frumvarp.

Fyrir hönd stjórnar Félags umhverfisfræðinga á Íslandi,
Bergþóra Hlíðkvist Skúladóttir